



FUNDARGERÐ
37. fundur Odda bs
haldinn í ZOOM fjarfundi , 23. mars 2021
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Valtýr Valtýsson og Ágúst Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir lið lið 1.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs 2021 - 2101034

Yfirlit um rekstur

KV kynnti yfirlit um rekstur Odda bs það sem af er ári og rekstrarniðurstöðu síðasta árs.

2. Nýr skólastjóri Laugalandsskóla - 2101033

Úrvinnsla umsókna

Umsóknarfrestur um starf skólastjóra í Laugalandsskóla rennur út þann 9. apríl n.k. Skipuleggja þarf hvernig unnið verður úr umsóknum þegar að því kemur. Lagt til að fela Björk, Ágústi, Ástu Berghildi og Margréti Hörpu að undirbúa og taka viðtöl við umsækjendur og undirbúa ákvörðun um ráðningu. Stjórn Odda bs mun funda næst þann 27. apríl kl. 8:15.

Samþykkt samhljóða.

3. Innlend matvæli - 2103047

Áskorun frá Bændasamtökum Íslands

Lögð fram áskorun frá Bændasamtökum Íslands til allra sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir eins og kostur er, sérstaklega grænmeti, kjöt og fisk. Að mati stjórnar Odda bs eru innlend matvæli notuð í ríkulegum mæli í mótuneytum Odda bs og gert er ráð fyrir að svo verði áfram. Þess skal getið að sérstaklega er kveðið á um þetta í innkaupareglum Rangárþings ytra.

4. Átak til eflingar leikskólastigsins - 1601023

Ákvörðun um framhald verkefnisins.

Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum á starfssvæði Odda bs renna út þann 1. júní 2021. Reglurnar hafa mælst vel fyrir og margir starfsmenn hafa nýtt þennan möguleika. Fjölgun hefur orðið í hópi fagmenntaðra á tímabilinu og eru þeir nú um 35% starfsmanna í samanburði við 15% árið 2017 en landsmeðaltali er þó ekki

náð. Ekki er talin ástæða til að breyta reglum og lagt til að framlengja reglum um styrki til 1. júní 2026. Fjárhæðir eingreiðslna skv. 6. gr. reglnanna hækki úr 70.000 kr í 80.000 kr og 35.000 kr í 40.000 kr. Þá er lagt til að fjöldi undirbúningstíma fylgi þeim viðmiðum sem gefin eru í núverandi kjarasamningum.

Samþykkt samhljóða.

5. Ytra mat leikskóla Odda bs 2021 - 1909071

Samningur

Fyrir liggur samningur við úttektaraðila um ytra mat á Leikskólanum Heklukoti. Lagt er til að staðfesta samninginn.

Samþykkt samhljóða.

6. Leikskólakennaranám - Menntavísindasvið HÍ - 2103021

M.Ed. og M.T. nám

Lagt fram til kynningar.

7. Samstarfssamningur um landshlutateymi - 2011033

Fundargerð 4.

Lagt fram til kynningar.

8. Íslensku menntaverðlaunin 2021 - 2103020

Samband Íslenskra Sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð yfirlesin og staðfest rafrænt með SIGNET.IS

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:35.

Björk Grétarsdóttir

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Elín Grétarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Ágúst Sigurðsson

Undirritunarsíða

Björk Grétarsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Haraldur Eiríksson

Valtýr Valtýsson

Ágúst Sigurðsson